

Upplýsingafundur forstjóra ISAL um öryggismál

Rannveig Rist hélt upplýsingafund um öryggismál 13. apríl 2012. Meginskilaboð fundarins voru þau, að gera þarf átak í að fylgja betur öryggisreglum til að tryggja að allir komist heilir heim frá vinnu.

Sem kunnugt er hafa tvö alvarleg slys orðið hjá ISAL frá áramótum. Báðir starfsmennirnir eru sem betur fer á batavegi en ljóst er að í síðara slysinu hefði hæglega getað farið miklu verr. Í báðum tilvikum var misbrestur á því að farið væri eftir öryggisreglum. Í fyrra tilvikinu var ekki notað öryggisbelti og í því síðara var starfsmaður of nálægt byrðinni sem verið var að hífa.

Jafnframt væri ljóst að öryggisreglur væru í vaxandi mæli hundsáðar og afar brýnt að bregðast kröftulega við þeirri þróun. Rannveig lagði áherslu á að ekki mætti láta þrýsting um að klára verkefni hafa forgang fram yfir öryggi. Stöðva bæri verk fremur en að vinna þau á hættulegan hátt. Framleiðsla og rekstur hefðu aldrei haldið fyrir henni vöku, ekki einu sinni alvarlegar rekstrartruflanir í kjölfar straumleysis eða eldsvoða. Það eina sem hún hefði misst svefn yfir væru öryggismál.

Eftirfylgni með öryggisreglum verður hert. Og í því skyni hefur verið skilgreint hvaða öryggisreglur teljist „mikilvægar“

í þeim skilningi að brot á þeim varði umsvífalaust áminningu samkvæmt kjarasamningi.

Eru þau eftirfarandi:

- að aka án öryggisbeltis
- að vera án fallvarnarbeltis þegar unnið er í hæð
- að læsa ekki búnaði með persónulás
- að standa við gangsetningu á málmsteypu innan hættusvæðis án tilskilinna persónuhlífa
- að tala í síma við stjórnun vinnuvéla, krana og ökutækja
- að fara inn í lokað rými án tilskilins undirbúnings og leyfis
- að framkvæma ekki öryggisprófun og vinna ekki samkvæmt gátlista á lyftibúnaði
- að framkvæma ekki forskoðun og vinna ekki samkvæmt gátlista á vinnuvélum fyrir notkun
- að vinna við rafmagnsskáp án þess að bera persónuhlífar í samræmi við ljósbogahættu
- að sýna vítavert kæruleysi



Stöðvun á steypuvél IV

Mánudaginn 23. apríl var steypuvél IV í Steypuskála stöðvuð. Henni verður nú breytt úr barrasteypuvél í boltasteypuvél og er áætlað að vinnan taki um 4 til 6 vikur.

Stöðvunin þýðir að álag eykst á steypuvél III en jafnframt hefur nýja kubbasteypuvélin verið tekin í notkun og mun taka við áli meðan steypuvél IV er úr leik.

Kubbaframleiðslan verður að mestu seld til endurbæðslu. Þegar breytingum á steypuvél IV er lokið hefst uppkeyrsla á Steypuskála og verður framleiðslan á boltum u.þ.b. 200 tonn fyrsta mánuðinn en eykst síðan jöfnum þrepum þar til full afköst nást á haustmánuðum.

Starfsfólki við IPU er bent á að ekki er

leyfilegt að ganga um framleiðslusvæði ISAL til að komast að steypugryfju IV þar sem ýmsar hættur leynast á því svæði sem tengjast mótaværkstæðinu og steypugryfju III. Á mótaværkstæðinu er mikið verið að hífa yfir gönguleiðinni og meðan steypuvél IV er ekki í gangi, eykst álag á vinnu við steypugryfju III. Jafnframt er verið að hífa barra frá steypuvél III og vegna lengdar barranna er öryggisvæðið mjög stórt. Til viðbótar er stanglega bannað að nálgast steypuvélarnar í upphafi steypuferils.

Með þetta í huga vinsamlegast notið öruggu gönguleiðina í kringum skálann þegar gengið er að steypugryfju IV, en ekki í gegnum vinnusvæði ISAL.



Föstudaginn 20 apríl var orku hleypt á annan nýja aðalspenninn í aðveitustöð. Spennirinn hefur verið afhentur til ISAL og er nú í forrekstrar prófunum. Afkastageta nýju aðalspennanna er 200 MVA, 220/60kV og vega um 150 tonn hvor með spennuólfunni. Spennarnir eru þeir stærstu sinnar tegundar á Íslandi.




Frá vinstri eru: Björgvin Bjarnason, Kristján Finnur Sæmundsson, Sverrir Stefánsson; Valgarður Lúðvíksson, Helgi Hannesson og Þorvaldur Jensson. Þessir vösknu Ístaksmenn ásamt fleirum vinna að því hörðum höndum að skipta út steypuvél 4 fyrir nýja steypuvél frá Hycast í Noregi.

Innri vefur IPU verkefnisins

Nýlega var hleypt í loftið innri vef IPU verkefnisins. Vefurinn er ætlaður öllum starfsmönnum við verkefnið, þ.e.a.s. verktökum, HRV/Hatch og starfsfólki RTA í IPU teyminu.

Vefurinn gerir allan aðgang að upplýsingum er varða verkefnið aðgengi-legrí á einum og sama staðnum. Jafnframt er boðið upp á skráningar á HSE námskeið og hina ýmsu viðburði.

Fréttir og tilkynningar í tengslum við verkefnið verða uppfærðar reglulega og þegar hungrið færir yfir er á vefnum líka hægt að nálgast matseðil vikunnar í mötuneyti ISAL. Sem sagt, ótal margar



ástæður til að líta daglega inn og athuga hvað er nýtt.

Til að komast á vefinn:

- Starfsfólk HRV/Hatch nota: <http://projects/ipu>
- Starfsfólk RTA og verktakar nota: <http://projects.hrv.is/ipu>

Þeir starfsmenn verkefnisins sem enn ekki hafa fengið aðgangsorð inn á vefinn geta óskað þess í gegnum netfangið ingag@riotinto.com eða við tölvudeild HRV: support@hrv.is, og í síma: 575-2525.

Hvað gerist í hliðhúsinu?



Margir velta fyrir sér hvað gerist í hliðhúsinu. Við litum því við og spurðum sérlega jákvæðan starfmann á vakt um hlutverk hans og upplifun á IPU verkefninu.

Nafn og starfstíll: Andri Jónsson, öryggisvörður í hliðhúsi ISAL.

Hvenær hófstu störf hjá ISAL?

Ég er enn nýliði, hef verið hér í 2 skemmtileg ár.

Nú var unnið við hliðhúsið fyrr í vetur, hverjar voru helstu breytingarnar?

Já, húsið var tvöfaldað að stærð. Að öðru leyti er allt voða svipað því sam áður var, en nú er pláss fyrir annan mann og hér var bætt við finni kaffiaðstöðu sem við ekki höfðum áður. Svo má ekki gleyma að það var sett upp nýtt eldvíðvörðunarkerfi.

Hvað er það svona helst sem þið geríð hér í hliðhúsinu?

Við erum fimm starfsmenn og vinnum á fimm vöktum. Það sem við gerum er að fylgjast með aðvörðunarkerfum (eldboðum) og bregðumst við þeim. Svo erum við í aðgangsstýringunni.

Hefur IPU verkefnið haft einhver áhrif á vinnu ykkar í hliðhúsinu?

Ekkí mikið. Umferð og flutningar um svæðið hafa jú aukist mikið.



Nýir skautgafflar voru afhendir í apríl. Framleiðandinn er Járn og blikk, og hafa þeir nú afhent 4.000 af þeim rúmlega 13.000 skautgöflum sem ný vinnslulína skautsmiðju þarf vegna uppfærslu búnaðar og framleiðsluaukningar hjá ISAL. Mikil áraun er á gafflana við notkun í kerum og við endurnýjun á skautum þeirra. Þyngri IPU skaut kölluðu því á sterkari gaffla.

Starfsvenjur til fyrirmyndar



Hér má sjá starfsvenjur til fyrirmyndar á vinnusvæði Orkuvirkis í aðveitustöð. Allar merkingar eru til fyrirmyndar en ekki fer milli mála að þarna er gengið inn á háspennu svæði undir læsingu og hvern beri að hafa samband við ef fara skal inn á svæðið.



Vinnusvæði ÍSTAK við steypuskálabýggingu 2b. Hér eru líka merkingar til fyrirmyndar. Við hlið er merkt verktaka, símanúmeri verkstjóra og HSE fulltrúa.



Andri Jónsson, öryggisvörður í hliðhúsi ISAL.

HSE ábendingar til góðs

Í marsmánuði var skilað inn 602 HSE samskiptakortum og sófnuðust alls 153.000 ISK sem voru afhentar til Menntunarsjóðs Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur. Sjóðurinn var stofnuður á sumardaginn fyrsta, 19. apríl 2012 og er ætlað að styrkja tekjulágar konur og/eða mæður til menntunar svo að þær eigi betri möguleika á góðu framtíðarstarfi.

Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur, veitti

styrknum viðtöku frá Daða Hafþórssyni, öryggisfulltrúa VHE, en starfsmenn VHE hlutu þann heiður að afhenda styrkinn þar sem þeir skiluðu hlutfallslega flestum samskiptakortum í marsmánuði. „Í starfi okkar fyrir Mæðrastyrsnefnd Reykjavíkur höfum við kynnst fjölda hæfileikaríkra kvenna sem þurfa að leita til nefndarinnar sökum bággs efnahags en gætu átt kost á betri lífskjörum ef þær fengju stuðning til að afla sér meiri menntunar.“ Sjóðurinn er vel að styrknum kominn og sendir Ragnhildur kærar kveðjur til allra sem að söfnuninni komu.



Ragnhildur Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrsnefndar Reykjavíkur veitir styrknum viðtöku frá Daða hafþórssyni, öryggisfulltrúa VHE.

HSE Skilaboð mánaðarins

Kannt þú skyndihjálp?

1. Tryggðu öryggi og komdu þannig í veg fyrir frekara slys
2. Kannaðu ástand hins slasaða
3. Kallaðu á hjálpu – neyðarlínan 560560–7333 eða 112
4. Veittu viðeigandi skyndihjálpu

Getur þú hjálpað þegar á reynir?

- Endurlífgun – veita hjartahnoð
- Slys – kunna fyrstu viðbrögð við; beinbroti, blæðingu, höfuðhögg, bruna
- Bráð veikindi – kunna viðbrögð við t.d. að fjarlægja aðskotahlut úr öndunarvegi, bráðaofnæmi, brjóstverk, flogakasti

Mundu að skyndihjálpu getur bjargað mannlífum! Hefur þú sótt námskeið nýlega? Í HSE setri eru reglulega skyndihjálpu námskeið í boði.



Starfsmenn við skyndihjálpu námskeið í HSE setri.



Í HSE setri eru reglulega skyndihjálpu námskeið í boði fyrir alla sem vilja.

Ritnefnd: Eyþór Sigfússon, Margrét Arnardóttir, Robert McLachan, Sylvain Lefauconnier, Þóra Birna Ásgeirsdóttir.

Ritstjóri: Inga Dóra Guðmundsdóttir.

Myndir: Friðrik Örn Hjaltsted, Eyþór Sigfússon, Inga Dóra Guðmundsdóttir, Guðrún Lísa Sigurðardóttir og Ívar Örn Indriðason.

Fyrirspurnir og ábendingar sendist á ingag@riotinto.com

RioTinto Alcan